

Sjúkdómatrygging – Aldurstengt iðgjald

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning við félagið.

Váttryggður: Sá einstaklingur sem váttryggingin tekur til.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

Réttthafi: Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarsamningi og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið.

Aðalgjaldlagi: Aðalgjaldlagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem váttryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

1. GR. INNGANGUR

Váttrygging þessi er sjúkdómatrygging. Grundvöllur váttryggingarsamningsins er skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarumsókn og önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda um váttrygginguna að svo miklu leyti sem ekki er vikið frá þeim í skilmálum þessum.

2. GR. GILDISTÍMI OG ALDURSTAKMÖRK

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

Váttryggingin gildir frá útgáfudegi til 65 ára aldurs váttryggðs. Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára í sjúkdómatryggingu þessari (sjá þó 9.gr.).

Váttryggingartaki hefur 30 daga frest (iðrunarfrest) til að segja váttryggingunni upp frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

3. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

4. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Fyrsta iðgjald fyrir váttrygginguna fellur í gjalddaga við gildistöku váttryggingarinnar, sbr. 2. gr. Endurnýjunariðgjald fellur í gjalddaga á endurnýjunardegi váttryggingarinnar.

Iðgjöld skulu greidd á gjalddaga. Greiðslufrestur er minnst 30 dagar frá því að félagið sendi kröfu um greiðslu iðgjalds. Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingarsamningi með skriflegri tilkynningu ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjalddaga. Í því tilviki skal váttryggingartaki hafa 14 sólarhringa frest til þess að greiða ógreitt iðgjald, en að öðrum kosti fellur tryggingin úr gildi, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga skal váttryggingartaki greiða dráttarvexti á iðgjaldi í vanskilum og allan vanskilakostnað sem af vanefndum hans hljótask, þ.m.t. kostnað vegna vanefndatilkynninga og lögfræðinnheimtu.

5. GR. HEIMILD VÁTTRYGGINGARTAKA TIL UPPSAGNAR Á VÁTTRYGGINGUNNI

Váttryggður getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.

6. GR. VÁTTRYGGINGIN BÆTIR

Félagið greiðir þá váttryggingarfjárhæð, sem í gildi er á tjónsdegi, vegna váttryggingaratburðar er váttryggður verður fyrir samkvæmt váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittum og skilmálum þessum. Sjúkdómatrygging þessi er eingreiðsluváttrygging og við greiðslu bóta fellur hún úr gildi (sjá þó 9.gr.).

7. GR. RÉTTTHAFI VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR

Réttthafi bóta úr þessari váttryggingu er váttryggður.

8. GR. VÁTTRYGGINGARATBURÐUR OG SKILGREININGAR

Váttryggingaratburður telst einungis verða, ef váttryggður greinir með einhvern eftirtalinna sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða, sem taldar eru upp, verður fyrir útlímamissi, blindu eða hlýtur alvarleg brunasár skv. nánari skilgreiningu hér á eftir.

Hjartaáfall/kransæðastífla (Myocardial Infarction)

Drep í hluta hjartavöðvans, sem afleiðing ónógs blóðflæðis. Greiningin verður að byggja á því að þrjú eftirtalin einkenni séu öll til staðar:

- Dæmigerðir hjartakveisuverkir,
- nýjar breytingar á hjartalínuriti og
- hækkun á hjartaensímum.

Hjartaskurðaðgerð - hjartalokuaðgerð (Heart Valve and Structural Surgery)

Váttryggður gengst undir opna skurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjartasjúkdómum, þar sem komið er fyrir nýrri hjartaloku, eða óeðlileg loka er lagfærð.

Kransæðaskurðaðgerð (Coronary Artery Disease Requiring Surgery)

Opin hjartaskurðaðgerð að ráði sérfræðings til að lagfæra þrengsli eða stíflu í einni eða fleiri kransæðum með hjáveituaðgerð. Undir þetta falla ekki aðgerðir eins og kransæðavíkkun eða blástur (angioplasty), eða aðgerðir sem gerðar eru með leysitækni.

Skurðaðgerð á meginslagæð/ósæðaraðgerð (Aorta Surgery)

Váttryggður gengst undir opna skurðaðgerð að ráði sérfræðings í hjarta- eða æðasjúkdómum, til að laga þrengsli, rof eða æðagúlp (flysjugúlp) á meginslagæð í brjóst- eða kviðarholi.

Heilaáfall/slag (Stroke)

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en sólarhring og felur í sér drep í heilavef, blæðingu og blóðrek. Skilyrði er einkenni varanlegra skemmda á miðtaugakerfi.

Krabbamein (Cancer)

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnláusum vexti og dreifingu illkynja og ífarandi fruma. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði), en undanskilur:

- Staðbundið krabbamein (ekki ífarandi - in situ),
- æxli sem koma hjá sjúklingum með ónæmisbæklun (HIV),
- öll húðkrabbamein nema ífarandi illkynja sortuæxli (invasive malignant melanoma),
- 1. stig Hodgkinssjúkdóms.

Greining illkynja æxlis skal vera staðfest með vefjasýni.

Góðkynja heilaæxli (Benign Brain Tumour)

Æxli innan höfuðkúpu sem ekki eru illkynja. Undanskilin eru:

- Blöðrur (cysts),
- hnúðar (granulomas),
- heilahimnuæxli (meningiomas),
- seilaræxli (chordomas),
- æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum,
- heilamar og æxli í heiladingli eða mænu.

MS (Multiple Sclerosis)

Heila- og mænusigg sem einkennist af viðvarandi skemmdum í taugakerfinu, niðurbroti á slíðri sem umlykur taugavef í taugakerfinu (afmýlingu). Greining á að heila- og mænusigg sé til staðar þarf að vera ótvíræð, framkvæmd af sérfræðingi í taugasjúkdómum og staðfest með nútíma rannsóknartækni eins og segulóm skoðun. Hinn váttryggði verður að hafa einkenni um óeðlilega taugastarfsemi, sem hafa staðið samfelt í a.m.k. 6 mánuði eða fengið staðfest tvö eða fleiri einkenni á köst.

MND (Motor Neuron Disease)

Hreyfitaugahrönnun (MND) sem greind hefur verið af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

Meiriháttar líffæraflutningur (Major Organ Transplantation)

Váttryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, lunga, lifur, brisi, nýra eða beinmerg.

Nýrnabilun (Kidney Failure)

Lokastig nýrnasjúkdóms sem einkennist af langvinnri óafturkræfri bilun á starfsemi beggja nýrna vegna hvaða orsaka sem er, þegar váttryggður gengst reglulega undir himnuskiljun eða blóðskiljun (renali dialysis) eða nýrnaígræðsla (renal transplantation) er framkvæmd.

Alzheimer (Alzheimer's Disease)

Ótvíræð greining taugasérfræðings á Alzheimersjúkdómnum, fyrir 60 ára afmælisdag váttryggðs, með viðeigandi rannsóknnum, athugunum og mati á sjúkdómseinkennum. Sjúkdómurinn leiðir til þess að váttryggður þarfnast stöðugs eftirlits og aðstoðar.

Parkinsonsveiki (Parkinson's Disease)

Ótvíræð sjúkdómgreining gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum fyrir 60 ára afmælisdag váttryggðs. Váttryggingin nær einungis til Parkinsonsveiki af óþekktum ástæðum (idiopathic). Allar aðrar tegundir Parkinsonsveiki eru undanskildar.

Alvarleg brunasár (Major Burns)

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama váttryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára.

Útlímamissir (Loss of Limbs)

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlíma, ofan úlnliðs eða öklaliðs.

Blinda (Blindness)

Alger og varanlegur missir sjónar á báðum augum, staðfestur af sérfræðingi í augnlækningum.

9. GR. SJÚKDÓMATRYGGING BARNNA

Ef barn váttryggðs, 3ja mánaða til 18 ára gamalt, verður á váttryggingatímanum fyrir váttryggingaratburði, sem skilgreindur er í 8. gr., greiðir félagið 50% váttryggingarfjárhæðar sjúkdómatryggingarinnar skv. því sem nánar greinir í 10. gr.

Bætur eru ekki greiddar vegna váttryggingaratburða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint til ástands barnsins fyrir töku váttryggingarinnar. Um ættleidd börn gildir, að félagið er ekki bótaskyld, ef hægt er að rekja orsakir váttryggingaratburðar til sjúkdómsástands, sem barnið var haldið áður en það var ættleitt.

Enn fremur eru bætur ekki greiddar vegna aðgerða sem framkvæmdar eru á aldrinum 3ja mánaða til 18 ára aldurs ef greining sem leiddi til aðgerðar var fyrir 3ja mánaða aldur.

Greiðsla bóta úr sjúkdómatryggingu barna hefur ekki áhrif á sjúkdómatryggingu váttryggðs. Bætur greiðast vegna eigin barna váttryggðs. Einnig greiðast bætur vegna fósturbarna og stjúp barna, enda búi fósturbörn eða stjúp börn á sama lögheimili og váttryggður. Gilda þá einnig fyrirvarar 2. ml. 2. mgr., auk 3. mgr. eftir því sem við á.

10. GR. TAKMARKANIR Á BÓTASKYLDU

Bætur eru ekki greiddar vegna andláts og það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að váttryggður lifi a.m.k. í þrjátíu daga frá því að hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar váttryggingaratburður átti sér stað samkvæmt skilmálum þessum. Sama gildir um bætur úr sjúkdómatryggingu barna. Aðrir atburðir en þeir váttryggingaratburðir sem taldir eru upp sem bótaskyldir í 8. gr. eru ekki bótaskyldir skv. váttryggingu þessari.

EKKI eru greiddar bætur vegna krabbameins sem greindist á fyrstu þremur mánuðunum eftir gildistöku váttryggingarinnar

Bætur greiðast váttryggðum aðeins einu sinni vegna hans sjálfs. Bætur úr sjúkdómatryggingu barna greiðast einnig aðeins einu sinni fyrir hvert barn.

Hámark bóta úr sjúkdómatryggingu barna vegna hvers barns er 7.000.000,-. Ef bætur greiðast úr fleiri en einni sjúkdómatryggingu, greiðast aldrei hærrí bætur en nemur þeirri váttryggingarfjárhæð sjúkdómatryggingar, sem tilgreind er í því váttryggingarskírteini sem hefur að geyma hæstu sjúkdómatryggingarfjárhæðina. Bætur greiðast þá váttryggðum hlutfallslega eftir váttryggingarfjárhæð sjúkdómatryggingar hvers skírteinis. Ef fleiri en eitt váttryggingarskírteini er skráð á nafn eins og sama váttryggingartaka skal, þegar hæsta váttryggingarfjárhæð er fundin út skv. 2. ml., leggja saman fjárhæðir í öllum skírteinum sem á hann eru skráð.

11. GR. IÐGJALDAFRELSI

Váttryggður getur skriflega óskað eftir niðurfellingu ógreiddra iðgjalda váttryggingarinnar ef váttryggður, vegna slyss eða sjúkdóms á váttryggingartímanum, sem ekki er bótaskyld samkvæmt 8. grein þessara skilmála, missir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar.

Váttryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef orsök starfsorkumissisins er:

- Af völdum styrjaaldar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisna eða svipaðra aðgerða,
- misnotkun áfengis, fíkniefna eða eiturefna,
- þátttaka í refsiverðum verknaði.

Beiðninni þurfa að fylgja nauðsynleg gögn til mats á starfsorkumissinum, félaginu að kostnaðarlausu.

Til grundvallar mati á starfsorkumissi mun félagið leggja hæfni váttryggðs til að gegna starfi sínu og möguleika til annarra starfa. Iðgjaldafrelsi veitist þó ekki til lengri tíma en eins árs aftur í tímann, áður en beiðni um iðgjaldafrelsi barst félaginu.

Iðgjaldafrelsi hefst sex mánuðum eftir að starfsorkumissirinn átti sér stað og varir meðan hann er til staðar, en þó ekki lengur en til 60 ára aldurs váttryggðs eða loka samningstímans ef hann er fyrr. Á meðan váttryggður nýtur iðgjaldafrelsis ber honum að láta félaginu í té nauðsynlegar heilsufarsupplýsingar auk annarra gagna og fara í lækni skoðanir eins oft og þurfa þykir, á kostnað félagsins.

Váttryggðum er skyldt að tilkynna félaginu strax og hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða að fullu.

12. GR. SKYLDUR VÁTRYGGÐS VIÐ TJÓNSATBURÐ OG FRESTUR TIL AÐ TILKYNNNA UM TJÓNSATBURÐ

Verði tjón sem talið er að váttryggingarskilmálar þessir taki til, skal tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og, ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefnir.

Réttihafi glatar rétti til bóta ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Hafi sá sem leggur fram kröfu um greiðslu bóta úr váttryggingu þessari veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við tjónsuppgjör, sem hann veit eða má vita að leitt geti til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt á, glatar hann rétti til krafna á hendur félaginu, að öllu leyti eða að hluta, sbr. XVIII. kafla laga nr. 30/2004. Hafi sá sem á kröfu um bætur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar getur félagið ennfremur sagt upp öllum váttryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara.

13. GR. IÐGJALDABREYTINGAR

Fyrsta iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins, miðað við váttryggingarfjárhæð og aldur hins váttryggða við gildistöku váttryggingarinnar.

Fram til 55 ára aldurs váttryggðs hækkar iðgjaldið á aðalgjaldsdaga ár hvert í samræmi við iðgjaldatöflu félagsins. Frá og með 56 ára aldri lækkar váttryggingarfjárhæðin á aðalgjaldsdaga ár hvert og miðast lækkunin við að iðgjald haldist óbreytt að raunvirði.

Félagið áskilur sér rétt til að ákvarða endurnýjunariðgjald samkvæmt nýrri iðgjaldaskrá með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, breytingu á kaupmætti íslensku krónunnar og öðrum orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum, ef þessi atriði virka ekki til breytinga á váttryggingarfjárhæð hins váttryggða.

14. GR. VÍSITÖLUBINDING VÁTRYGGINGARFJÁRHÆÐA OG IÐGJALDS

Váttryggingarfjárhæðir þær sem tilgreindar eru í skírteini eða endurnýjunarkviittun breytast árlega á aðalgjaldsdaga í réttu hlutfalli við breytingar á vísitölu neysliverðs frá grunnvísitölu. Grunnvísitala er vísitala neysliverðs útgefin í mánuðinum á undan útgáfumánuði /aðalgjaldsdaga.

Iðgjald breytist í samræmi við breytingar váttryggingarfjárhæða. Lækki vísitalan, hefur það hvorki áhrif til lækkunar váttryggingarfjárhæða eða iðgjalds.

15. GR. FYRNING

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/204 um váttryggingarsamninga.

16. GR. ENDURKAUPSVERÐMÆTI

Trygging þessi hefur ekki endurkaupsverðmæti.

17. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Ágreining um bótaskyldu félagsins má leggja fyrir Tjónanefnd váttryggingarfélaganna, málskotsaðila að kostnaðarlausu. Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefndir þessar og starfhætti þeirra veitir félagið.

Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

18. GR. FRESTUR TIL LÖGFRÆÐILEGRA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu.

19. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem kunna að rísa vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar nr. EC1019
Gilda frá og með 01.01.2006
Var áður AC143